

Siglingastofnun
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2002030048
4902; 9310

Reykjavík, 17. apríl 2002
/ÞFP

**Efni: Sjóvarnir við Framtíðina og Grundargötu á Drangnesi, Kaldrananeshreppi.
Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynntar sjóvarnir við Framtíðina og Grundargötu á Drangnesi, Kaldrananeshreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kaldrananeshrepps og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Kaldrananeshreppi með bréfi dags. 2. apríl 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör við umsögnum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 10. apríl 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Framkvæmdin er fyrirhuguð á tveimur stöðum þ.e. við iðnaðarhús Framtíðarinnar og við Grundargötu á Drangnesi. Í októberveðrinu 1995 brotnaði frá sökkli iðnaðarhússins Framtíðarinnar. Grjót var sett í skörðin til bráðabirgða þá um haustið. Nú er fyrirhugað að hækka og styrkja grjótvörnina á um 40 m kafla, áætluð efnispörf er um 400 m³. Vegagerðin fyrirhugar að sprengja vegskeringar og ætlar jafnframt að verja veginn í þorpinu innan við bryggjuna. Ætlunin er að vinna sjóvörnina samhliða þessu verki. Við Grundargötu er þörf á að verja um 80 m langan kafla Grundargötu og er áætluð efnispörf um 500 m³. Eins og við iðnaðarhús Framtíðarinnar er ætlunin að vinna sjóvörnina með verki Vegagerðarinnar og fá efni úr vegskeringum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps og Náttúruvernd ríkisins telja að framkvæmdin muni ekki

hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða styrkingu sjóvarna við iðnaðarhús Framtíðarinnar og við Grundargötu á Drangnesi í Kaldrananeshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er styrking á sjóvörn sem fyrir er, tekur til takmarkaðs svæðis og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir við Framtíðina og Grundargötu á Drangnesi, Kaldrananeshrepp, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Kaldrananeshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Póroddur F Póroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Kaldrananeshreppur og Náttúruvernd ríkisins.